

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um nefndir, starfshópa, faghópa og ráð á vegum ráðuneytisins.

1. *Hvaða nefndir, starfshópar, faghópar, ráð og áþekkir hópar starfa á vegum ráðuneytisins? Meðlimir hvaða hópa fá greidd laun fyrir vinnu sína?*

Eftirfarandi nefndir og starfshópar eru nú starfandi á vegum ráðuneytisins:

Þróunarsamvinnunefnd, lögbundin – formaður fær greiddan ferðakostnað.

Landsnefnd um mannúðarrétt – þóknun ekki greidd.

Starfshópur vegna skýrslu EES – þóknun greidd.

Starfshópur um gerð áætlunar um fjölgun afgreiðslustaða fyrir vegabréfsáritanir í sendiráðum Íslands erlendis – þóknun ekki greidd.

Starfshópur vegna innleiðingar Íslands á bókun 35 við EES-samninginn – þóknun greidd.

Starfshópur um mannréttindamiðaða þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfi – þóknun greidd.

Starfshópur vegna Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi – þóknun greidd.

2. *Hversu mikill kostnaður hlaust af starfsemi ofangreindra hópa árið 2018?*

Kostnaður ráðuneytisins vegna fyrrgreindra hópa og nefnda á árinu 2018 nam samtals 848.771 kr. Kostnaður vegna vinnuframlags starfsmanna ráðuneytisins vegna hópanna er ekki tiltekinn.

3. *Hyggst ráðherra stuðla að einfaldara og ódýrara stjórnkerfi með því að fækka launuðum nefndum, starfshópum, faghópum, ráðum og áþekktum hópum á vegum ráðuneytisins?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölulið fyrirspurnarinnar er ein nefndanna lögbundin. Ávallt er reynt að gæta aðhalds og hagkvæmni við skipun nefnda og starfshópa og í rekstri þeirra. Tilgangur og markmið með skipun nefnda og starfshópa að frumkvæði ráðherra er í grófum dráttum þrenns konar, í fyrsta lagi að tryggja samráð og samvinnu milli fulltrúa þeirra stjórnvalda sem hafa aðkomu að viðkomandi málefni lögum samkvæmt, í öðru lagi að tryggja að sjónarmið helstu hagsmunaaðila komist að í umfjöllun og við stefnumótun stjórnvalda á málefnasviðum sem þau varða og í þriðja lagi að tryggja faglega stefnumótun og úrvinnslu mála með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga á viðkomandi sviði. Kostnaður vegna nefnda liggur fyrst og fremst í þóknunum sem greiddar eru til utanaðkomandi sérfræðinga fyrir þátttöku þeirra í nefndarstarfi, enda er það meginregla að ekki sé greitt fyrir setu fulltrúa stjórnvalda og hagsmunaaðila í nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta.

Alls fóru fimm vinnustundir í að taka þetta svar saman.